

**Nd.**

**35. Breytingartillögur**

**[24. mál]**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. frv. bætist:

1. Á eftir D. 5 í 2. gr. laganna kemur nýr liður:  
*Sunnudalsvegur:* Af þjóðveginum sunnan Hofsárbrúar um Sunnudal í Borgir og þaðan í Síreksstaði, yfir Hofsborgartungu á Vopnafjarðarveg nálægt Hofi.
2. Á eftir D. 6 í sömu lagagr. kemur nýr liður:  
*Jökuldalsvegur eystri:* Af Jökuldalsvegi hjá Hákonarstöðum yfir Jökulsá og þaðan út Jökuldal austan ár á Austurlandsveg nálægt Þrivörðu við Heið-arenda.
3. Á eftir D. 8 í sömu lagagr. kemur nýr liður:  
*Kirkjubæjarvegur:* Af Hróarstunguvegi nyrðri hjá Stórabakka, um Hall-freðarstaði á Hróarstunguveg eystri hjá Kirkjubæ.
4. Á eftir D. 9 í sömu lagagr. kemur nýr liður:  
*Fellavegur:* Af Austurlandsvegi um Hafrafell, Staffell, og Fjallssel á Upp-héraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
5. Á eftir D. 11 í sömu lagagr. kemur nýr liður:  
*Seyðisfjarðarvegur nyrðri:* Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
6. Á eftir D. 12 í sömu lagagr. koma nýir liðir:
  - a. *Hjaltastaðavegur:* Af Úthéraðsvegi nálægt Gagnstöð um Sandbrekku að Hjaltastað.
  - b. *Borgarfjarðarvegur:* Af þjóðveginum við Bakkagerði inn Borgarfjörð norðan Fjarðarár, um Húsavíkurheiði til Húsavíkur.